

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana		
Stjórnarfundur	Dagsetning:	7. september 2021	Tími: 12:00 – 13:20
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og TEAMS		
Fundarstjóri:	KS		
Ritari:	SJ		
Á fundinn mættu:	Ásdís Ármannsdóttir (ÁÁ) TEAMS, Bergþóra Þorkelsdóttir (BÞ) TEAMS, Gylfi Ólafsson (GÓ) TEAMS, Kristján Sverrisson (KS), Steinn Jóhannsson (SJ) og Dagrún Hálfánardóttir, framkvæmdastjóri félagsins.		
Fjarverandi:	Eydís Líndal Finnbogadóttir (ELF) og Harpa Þórsdóttir (HÞ).		

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 7. september 2021

### 1. Fundargerð 1. júní 2021

Fundargerð stjórnarfundar 1. júní 2021 samþykkt.

### 2. Áherslumál FFR starfsárið 2021-2022

Samkvæmt lögum FFR er tilgangur félagsins m.a. að efla kynni félagsmanna og kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars, vinna að sameiginlegum hagsmunamálum, þ.m.t. kjaramálum og fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna. Á fundinum vörpuðu stjórnarmenn fram hugleiðingum sínum um hver áherslumál FFR ættu að vera næsta starfsárið. Eftirfarandi var m.a. rætt:

#### Félagsmál

Kynningar stofnana, haustferð/vorferð, öflugt fundarstarf (mögulega í samvinnu við KMR). Stjórnarmenn finna fyrir því að fólk almennt hefur nú þörf fyrir að hitta annað fólk.

#### Starfsumhverfi

- Launakerfi. Er vilji til að setja saman annan ramma um hvernig störf forstöðumanna eru metin?
- Skipunarferli.
- Starfsviðtöl, innleiðing hjá ráðuneytum, endurmat á ferli, ekki nægilega formlegt, skjöl sem koma úr starfsviðtölum forstöðumanna, hver er tilgangur þeirra? Almennt þarf að passa betur að eitthvað komi út úr þessum viðtölum.
- Stuðningur við forstöðumenn minni stofnana s.s. mannauðsmál, innleiðing verkefna o.fl. Mikið álag á forstöðumönnum. Verkefnið um styttingu vinnuvikunnar veldur t.d. víða miklu álagi, vinna við

jafnlaunavottun og ýmis stór verkefni sem ekki verður komist hjá valda jafnframt miklu álagi á forstöðumenn. Stefnumótun, óljósar leiðbeiningar ráðuneyta og lítill (jafnvel enginn) stuðningur eða leiðbeiningar.

- Heilsa og líðan. Getur félagið stutt við forstöðumenn til að hlúa að sjálfum sér? Væri hægt að vinna slíkt í samvinnu við KMR? Mörg fyrirtæki sem hafa sérhæft sig í að aðstoða fólk við að hlúa að sjálfum sér.
- Tilhögun fjarvinnu. Skapa ramma um tilhögun fjarvinnu í framtíðinni.
- Mentor-kerfi. Vel þekkt t.d. hjá skólameisturum þar sem mikið samtal á sér stað. Gæti félagið virkað sem „miðlun“ fyrir slíku? Einkum vegna þeirra sem hafa verið stutt í starfi.
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Breytinga þörf á lögnum. Niðurlagning starfa og áminningarferli- afar þungir ferlar og þunglamaleg löggjöf auðveldar ekki, á sama tíma og krafa er um að stofnanir séu LEAN. Veikindaréttur, launað leyfi, endurskoða ætti starfsmannalögin m.t.t. þessa.
- Umhverfismál. Á félagið að gera eitthvað með það? Grænu skrefin, hæpið að stofnunum takist að ná fimm grænum skrefum fyrir næstu áramót. Þarf að gæta að því að setja stofnunum ekki óraunhæf markmið.

### 3. Fundur fulltrúa FFR með stjórn Árnassjóðs

DH upplýsti um efni fundar sem fulltrúar stjórnar FFR áttu með stjórn Árnassjóðs þann 29. júní sl. Af hálfu FFR mættu HP og ELF auk DH. Á fundinum voru m.a. eftirfarandi atriði rædd: Úthlutunarreglur (skýrleiki), innheimtuaðferðir, heimasíða, aðgengi nýrra félagsmanna FFR að heimasíðu sjóðsins, skipan stjórnar, framtíðaráform sjóðsins og nýting bústaða og orlofsstyrkja. Fram kom að á árinu 2020 nýtti 71 forstöðumaður orlofshús sjóðsins og fengu 83 forstöðumenn greiddan orlofsstyrk. Þá kom fram að nýlega var send könnun til félagsmanna og að verið væri að vinna úr niðurstöðum hennar.

#### 4. Fundur með fyrrverandi félagsmanni

Upplýst um efni fundar sem ÁÁ, KS og DH áttu með fyrrverandi félagsmanni vegna niðurstöðu umboðsmanns Alþingis.

#### 5. Sektargerð lögreglu vegna brots á sóttvarnareglum

Farið yfir stöðu málsins sbr. umfjöllun á stjórnarfundum 1. júní sl. Umræddur forstöðumaður er með lögmann í málinu. Forstöðumaðurinn fékk ítrekanir á sektargerðina í sumar og hefur verið í samskiptum við lögreglu vegna málsins. Félagsmaðurinn hefur farið fram á að sektargerðin verði látin niður falla. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu mun málið að öllum líkindum fara fyrir dóm.

#### 6. Erindi frá Opna háskólanum

Skólinn er að vinna í þróun náms og þjálfunar fyrir stjórnendur og millistjórnendur og hyggst bjóða meira upp á sérsniðnar lausnir að þörfum hvers hóps eða stofnunar. Ákveðið að fulltrúar stjórnar hitti forstöðumann til að ræða fræðslumál, sí- og endurmenntun og þjálfun forstöðumanna hjá ríkinu.

#### 7. Starfsreglur stjórnar

Samkvæmt 6. gr. laga FFR skal stjórnin setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Þá segir í 2. gr. að tilgangur félagsins sé m.a. að fylgjast með og fjalla um álitamál sem upp kunna að koma fyrir hönd forstöðumanna og standa straum af kostnaði vegna þeirra í samræmi við starfsreglur stjórnar varðandi nýtingu fjármuna félagsins. Stjórn FFR hefur ekki sett slíkar starfsreglur. Ákveðið að ÁÁ og ELF myndu taka að sér að gera fyrstu drög með DH.

#### Önnur mál

- **Staða vinnu ráðuneytis í framhaldi af álitum umboðsmanns Alþingis í málum 10475/2020 og 10343/2020.** Ákveðið að kanna hver staðan á málinu væri hjá ráðuneytinu en fulltrúar stjórnar eiga fund með KMR í dag.
- **Mynd af stjórn.** Fyrirhuguð 21. september nk.
- **Félagsfundur.** Áhugi á að halda félagsfund fljótlega auk þess sem áhugi er á að kanna hvort að heimboð Umhverfisstofnunar standi enn. DH kannar.
- **Haustferð.** Ákveðið að DH kanni hvort að boð í Gunnarsholt og að Keldum standi enn.